

# SUZUKI

fyrir handhafa öryrkjaleyfa



Sá  
sparneytnasti og ódýrasti  
frá Japan

5 lítrar á 100 km.

Áætlað verð til öryrkja

2ja dyra fólksbíll kr. 38.500.-

4ra dyra fólksbíll kr. 39.900.-

Það er ársábyrgð á öllum  
SUZUKI bílum

Komið og skoðið SUZUKI



**Sveinn Egilsson hf.**

Skeifan 17. Sími 85100

## fréttir


### Steinunn á Kjarvals- stöðum

Steinunn Marteinsdóttir leir-  
listamaður opnar í dag sýningu á  
göngum Kjarvalsstaða og sýnir  
skulptúrvasa, skálar, lágmyndir  
og fleira.

Steinunn hefur ekki haldið  
einkasýningu í Reykjavík síðan  
1975, en er nýbúin að sýna í  
Hässelbyhöll í Svihjóð ásamt  
fleiri íslenskum listamönnum og  
er þessi sýning nú einskonar  
framhald af þeirri sýningu.

Verk Steinunnar eru í steinleir  
og postulíni, formin undan  
náttúruáhrifum á þeim brautum  
sem efnið markar. — Þetta  
spinnst hvað af öðru og er hálf-  
gerð samsúða, segir hún, — skelj-  
ar, fjöll og gróður og svo efnið  
sjálf.

Hún notar nú nýja brennslu-  
ferð, hábrennslu með mun herra  
hitastigi en áður, auk þess segist  
hún hafa lært af kollegum sínum  
að nota Vestmannaeyjavíkurinn,  
sem stráð er mismunandi grófum  
á glerjunginn áður en brennt er  
og gefur sérkennilega áferð og  
líti. Nýtt hjá Steinunni nú eru líka  
lágmyndirnar, upphleyptar vegg-  
myndir samsettar úr sérmtó-  
uðum hlutum og að lokum eru  
sýndar til heiðurs Tómasi Guð-  
mundssyni nýlega átræðum  
frumteikningarnar af mynd-  
skreytingu sem hún gerði við  
hátiðautgáfu á Stjörnum vorsins  
á 75 ára afmæli hans. —vh



Leirlistarsýning á ganginum: Steinunn Marteinsdóttir við nokkur  
verkanna. — Ljós. — eik —

### Kaupfélagsstjóri

Starf kaupfélagsstjóra við Kaupfélag  
Tálknafjarðar er laust til umsóknar.  
Umsóknarfrestur er til 24. þessa  
mánaðar.

Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu í  
smásöluverslun.

Skriflegar umsóknir með upplýsingum  
um menntun og fyrri störf sendist for-  
manni félagsins Pétri Þorsteinssyni,  
Sveinseyri, sími: 94-2518 eða 94-2521  
(heima) eða Baldvini Einarssyni starfs-  
mannastjóra Sambandsins, er veita  
nánari upplýsingar.

Kaupfélag Tálknafjarðar  
Sveinseyri



**Kaupfélag Tálknafjarðar**  
Sveinseyri



### Húsnæði óskast

Óska eftir 4—5 herbergja íbúð sem fyrst,  
gjarnan í nágrenni Háskólans.  
Húsvarsla kemur til greina.

Reglusemi og skilvisri greiðslu heitið.  
Upplýsingar í síma 26562.

### Veist þú

um lausa íbúð í Mið- eða Vesturbænum til  
leigu. Ef svo er, elskan mín, láttu okkur þá  
vita því okkur vantar eina slíka. Við erum  
í síma 75983.

# LADA 1600 CANADA

Með sérstökum samning-  
um við LADA-verksmiðj-  
urnar hefur tekist að fá af-  
greidda til Íslands Lada  
1600 sem sérstaklega hefur  
verið framleiddur fyrir  
Canada markað. Lada 1600  
Canada er að auki búinn  
nýja „OZON“ blöndungn-  
um sem sparar bensín-  
notkun um 15% án nokkurs  
orkutaps.

Verð til öryrkja  
ca. kr. 44.700,-



Munið! Varahlutabjónusta okkar er í sérflokk.  
Það var staðfest í könnun Verðlagsstofnunnar.

Verð ca.  
kr 68.900,-



**Bifreiðar & Landbúnaðarvélar hf.**

Suðurlandsbraut 14 - Reykjavík - Sími 30600